

Skýrsla stjórnar 2014.

Árið heilt yfir var bara nokkuð gott.

Ákveðið var á síðasta ári, í framhaldi af útgáfu nýrrar reglugerðar um greiðslur vegna barna í fóstri, sem unnið var að á síðustu árum þar á undan, að skrifa túlkun okkar á henni og senda félagsmönnum okkar. Við ákváðum jafnframt að senda samsvarandi greinagerð á allar starfandi barnaverndarnefndir á landsvísu.

Við áttum satt að segja von á einhverjum viðbrögðum frá nefndunum og þá helst ef einhverjir yrðu ósammála okkur um túlkun reglugerðarinnar. En sú var ekki raunin, heldur voru einhverjir sem lýstu ánægju sinni með þetta og aðrir kölluðu eftir henni aftur.

Það kann vel að vera að við ættum að senda þetta aftur, í þetta skiptið á starfsmenn nefndanna (félagsráðgjafana) þar sem komið hefur í ljós að margir þeirra vita jafnvel ekki af okkar túlkun, sem við leggjum til grundvallar í okkar samningsgerð. Allir félagsmenn okkar ættu að hafa fengið þessa túlkun, en nauðsynlegt getur verið að höfða til félagsmanna sem vita af starfandi fósturforeldrum, sem ekki eru í félaginu, að láta þá vita af þessu og hvetja þá til að skrá sig í félagið. Það þjónar hagsmunum okkar allra og styrkir okkur sem félag að við séum sem flest í félaginu. Það skiptir máli varðandi nauðsynlega upplýsingargjöf að ræða og eins erum við að starfa að málefnum allra fósturforeldra landsins, ekki bara þeirra sem eru skráðir í félagið. Við höfum reynt að hafa félagsgjöldin hófleg svo ekki torveldi það skráningu. Eins og komið hefur fram og lesa má í félagatali félagsins teljum við rúmlega 100 fjölskyldur á landsvísu en í raun erum við nálægt 240 og spannar það öll svið fósturráðstöfunar, einnig þar sem um er að ræða svokölluð ættingjafóstur. Heildar fjöldi barna í fóstri árið 2013 voru 327. Þar af voru varanleg 194 og tímabundin 109. Styrktu fóstrin voru alls 24. Ekki er í þessum tölum frá Barnaverndarstofu hægt að greina hversu mörg ættingjafóstur var að ræða.

STEFNA OG MARKMIÐ

Stjórn félagsins hefur að undanförmu verið að marka stefnuna til framtíðar og skerpa sín okkar á tilgangi og markmiðum félagsins. Jafnvel þó mikið hafi áunnist á undanförmum árum þá sjáum við að mikið má enn bæta og ætlum við að leggja okkur fram um að reyna að hafa áhrif til þess að þetta góða starf sem fósturforeldrar eru að vinna verði enn betra bæði fyrir okkur og börnin sem við erum að annast. Oft og tíðum fer allt of mikil orka í að takast á við kerfisvanda, oftast hluti sem auðveldlega mætti laga. Má þar nefna upplýsingargjöf / samninga/ samskipti við fagaðila / stofnanir, svo sem skóla þar sem börnum og fósturforeldrum er jafnvel mismunað eftir því hvar þeir búa og svo framvegis. Stjórnin ætlar á þessum aðalfundi að leggja til að skipaðir verðir tveir starfshópar. Annar hefði það að markmiði að kortleggja varanlegt fósturog koma með tillögur til úrbóta þar um. Honum verði stýrt af Karen Rúnarsdóttur. Hinn hópurinn taki tímabundið og styrkt fóstur með sömu markmiði í huga, og verði stýrt af Steinunni. Æskilegt væri að þetta verði unnið hratt og tillögur lagðar fyrir stjórn snemma á næsta ári.

Við sjáum í fjölmiðlum og á orðum Velferðarráðherra undanfarið að það standi til endurskoðun á þessum málaflokki og vonandi getum við lagt eitthvað til málanna í þá umræðu. Við óskum eftir af sem flestir bjóði sig fram til að starfa í þessum hóp með okkur.

RÁÐSTEFNUR OG NÁMSKEIÐ

Haldin var ráðstefna á vegum Barnaverndarstofu á árinu þar sem tekin voru fyrir skólamál. Var þar reynt að höfða til þeirra skólastjórnaenda sem ekki hafa viljað leyfa fósturbörnum að sitja við sama borð og önnur börn í sveitarfélaginu. Á það ekki bara við um lítil sveitarfélög út á landi heldur hefur líka borið á þessu í stærri sveitarfélögum. Til borðsins voru boðaðir allir skólastjórnaendur og þeir er starfa að þessum málum. Vel var mætt á samkomuna sem haldin var á Grandhótel Reykjavík en ekki veit ég hver dreifingin var á þeim sem mættu þar og hvaðan þeir komu. Ekki veit ég heldur hvaða árangri þetta skilaði. Það er hins vegar skýrt í grunnskólalögum að skólastjórnaendum er ekki heimilt að mismuna nemendum með þessum hætti. Undirritaður mætti á þessa ráðstefnu og í stuttu máli gaf hún góða von um að þetta horfi til betri vegar.

Á dögnum var einnig haldin afar áhugaverð ráðstefna í boði Geðhjálpar og Olbogabarna og var fullsetið á ráðstefnuni. Þarna var um mjög brýn mál að ræða, þ.e.a.s börn með tvívirkan vanda, bæði geðrænan og fíknivanda. Það er svo sannarlega stór brotalöm í úræðum fyrir þessi börn að ræða og kom þar margt fram um alvarleika málsins. Þessi málaflokkur kemur okkur beint við því hluti af okkar skjólstæðingum eiga við þennan tvöfalda vanda að etja og við sem höfum þurft að takast á við kerfið fyrir þessi börn höfum svo sannarlega rekist á vegg og sjáum að tilfinnanlega vantar úrræði fyrir þennan hóp. Eins að þær stofnanir sem taka að sér að vinna með þennan hóp sammælist um að vinna betur saman. Einn góður maður orðaði það á ráðstefnunni „þessar stofnanir eru eins og eyjar í Breiðafirði og það virðist ekki vera hægt að sigla á milli þeirra“. Ég vil benda á að á ráðstefnuna á að vera hægt að hlusta á vef Geðhjálpar. Ég hvet alla sem áhuga hafa á þessum málaflokki að hlusta.

Við Steinunn fórum á námskeið á vegum Endurmenntunar HÍ snemma á árinu. Um var að ræða dagsnámskeið sem Anni Haugen, lektor í félagsráðgjöf við HÍ sá um. Námskeiðið bar yfirskriftina „Vanræksla og ofbeldi gegn börnum – samstarf við barnaverndarnefndir“. Á því var fjallað um einkenni og afleiðingar vanrækslu og ofbeldis á börnum, uppbyggingu barnaverndarkerfisins og þær starfsaðferðir sem nefndirnar hafa, og samstarf nefndanna við stofnanir og fagfólk sem vinnur með börn. Við höfðum töluverðar væntingar til þessa námskeiðs, en græddum ekki eins mikið á því og við töldum í upphafi að við myndum gera. Efnið sneri meira að því að þeir sem vinna á vettvangi barnanna t.a.m. kennarar og íþróttáþjálfarar þekki merki um vanrækslu og ofbeldi, og hvernig þeim beri að bregðast við ef þeir telja að um slíkt sé að ræða.

Í september sl. fór fram Barnaverndarþing með yfirskriftinni **Réttur til verndar, virkni og velferðar**. Félag fósturforeldra fékk tækifæri til að taka þátt í einni af mörgum málstofum en hún fjallaði um undirbúningur og framkvæmd fósturs.

Málstofustjóri var Anna Eygló Karlsdóttir, félagsráðgjafi og yfirmaður Barnaverndar Kópavogs. Frummælendur voru Arna Kristjánsdóttir, félagsráðgjafi hjá Barnavernd Reykjavíkur, Bryndís Guðmundsdóttir uppeldisfræðingur hjá Barnaverndarstofu og Guðjón Bjarnason sálfræðingur hjá Barnaverndarstofu, leiðbeinendur á Foster Pride, Soffía Ellertsdóttir, fósturforeldri og leiðbeinandi á Foster Pride og Karen Rúnarsdóttir fósturforeldri.

Á málstofunni var farið úr því almenna yfir í hið sértæka. Guðjón og Bryndís fjölluðu m.a. um Foster Pride námskeiðið, rifjuðu upp langa og sögulega hefð fósturráðstafana á Íslandi og brugðin upp mynd af umfangi fósturráðstafana, kynjahlutfalli og aldurssamsetningu fósturbarna svo eitthvað sé nefnt.

Arna fjallaði um verkefni barnaverndarnefnda eftir að ákvörðun hefur verið tekin um að barni verði ráðstafað í fóstur, mismunandi undirbúning fósturráðstöfunar eftir því hvers eðli hún er, val á

fósturforeldrum ofl.

Soffía og Karen sögðu frá reynslu fósturforeldra og komu inn á þætti eins og hvers vegna fólk ákveður að gerast fósturforeldrar, hvaða þættir eru mikilvægir fyrir fósturforeldra í aðdraganda og upphaf fósturs, umgengni ofl. Farið var yfir hvað er vel er gert og hvað þarf að bæta.

Þetta var vel sótt málstofa og sköpuðust miklar umræður í lokin. Það sem helst situr eftir er endurgjöfin sem við höfum fengið eftir málstofuna úr ýmsum áttum. Það var mál manna að reynsla fósturforeldra varpaði nýju ljósi á málefnið og breytti viðhorfum einhverja á stöðu mála. Það er því mikilvægt fyrir okkur að tryggja að rödd fósturforeldra heyrir og er fyrsta skrefið stofnun vinnuhópa sem munu annars vegar fjalla um varanlegt fóstur og hins vegar tímabundið og styrkt fóstur.

NOFCA

Nofca var á sínum stað og að þessu sinni var fundurinn haldinn í Danmörku. Frá okkur fóru tveir fulltrúar, þau Soffía Ellertsdóttir og Árni Þór Arnórsson og ætla þau á eftir að gefa okkur upplýsingar um það helsta sem er að gerast á þessum vettvangi hjá frændum okkar á Norðurlöndunum

RANNSÓKNIR

Í desember 2012 var gefin út ritgerð sem unnin var af Silju Rós Guðjónsdóttur, meistaranema í félagsráðgjöf við HÍ. Þar voru birtar niðurstöður rannsóknar á þjálfun, undirbúningi og stuðningi við fósturforeldra á Íslandi, sem unnin var í samvinnu við félagið. Niðurstöðurnar voru í stuttu máli þær að allflestum fósturforeldrum finnst skorta verulega á undirbúning og stuðning þegar barn kemur inn á heimilið. Meirihluti þátttakenda taldi að væri einhver stuðningur fyrir hendi þyrftu þeir sjálfir að kalla eftir honum, eða að hann fengist aðeins ef vandinn væri verulega mikill. Niðurstöður sýndu að gera þyrfti úrbætur á þjónustu við fósturforeldra þar sem þeir væru undirbúnir betur fyrir hlutverk sitt og hefðu greiðari aðgang að stuðningi frá barnaverndarstarfsmönnum.

<http://skemman.is/handle/1946/13507>

FJÖLMIÐLAR

Í nokkur skipti á hverju ári finnum við okkur knúin til að hafa samband við fjölmiðla og benda þeim á þann stóra mun sem felst í orðunum „stjúp“ og „fóstur“. Ef blaðamenn fjalla t.a.m. um kynferðisbrot „fósturföður“ þegar í raun er átt við „stjúpföður“ er ímynd fósturforeldra svert á óvæginn hátt. Við þurfum að vera dugleg að minna á þessi hugtaka brengl og minna á það í nærumhverfi okkar að stjúpforeldri þýðir ekki það sama og fósturforeldri.

FRÆÐSLA

Eftir síðasta aðalfund, á fræðsludegi okkar fengum við frábæra fyrirlesara.

Sálfræðingarnir Guðbrandur Árni Ísberg og Sæunn Kjartansdóttir voru með fróðleg erindi handa okkur sl. haust. Fjallað var um það sem mikilvægast er fyrir börn að fá frá foreldrum sínum fyrsta árið og hvaða áhrif það hefur á börnin ef eitthvað fer úrskaiðis. Einnig var fjallað um börn sem alist hafa upp við illa meðferð og hvernig það kemur fram í hegðun þeirra. Að lokum var rætt um hvernig fósturforeldrar geta tekist sem best á við ýmsa hegðun.

Guðbrandur gaf nýverið út bókina „Í náðinni – innlifun og umhyggja“ og Sæunn skrifaði hina vinsælu bók „Árin sem enginn man“ og hvetjum við alla fósturforeldra til að verða sér úti um þær. Það er fátt sem á jafn ríkt erindi til okkar og þessar bækur.

ÚTILEGA

Árleg útilega félagsins var í sumar og ætla ég að láta fylgja með texta úr síðasta frettabréfi:

Félagið stendur fyrir útilegum síðustu helgi júnímánaðar ár hvert. Farið hefur verið til skiptist í landsfjórðungana til að sem flestir hafi tök á að hitta aðra fósturforeldra og fósturbörn. Tilgangurinn með því að fara sem víðast er ekki síst sá að auðvelda þeim sem búa vítt og breitt um landið að hittast án þess að þurfa að leggja á sig langferð í hvert skipti.

Í ár var farið austur á land, í Atlavík og tókst útilegan afskaplega vel. Allir þátttakendur voru af höfuðborgarsvæðinu. Engir fósturforeldrar úr lands-fjórðungnum sáu sér fært að mæta og er það afar dapurlegt. Er þetta þriðja árið í röð sem einungis félagsmenn af höfuðborgarsvæðinu koma í útileguna.

Ljóst er að endurskoða þarf þennan viðburð, þar sem greinilegt er að fósturforeldrar á landsbyggðinni kjósa ekki að nýta sér útileguna til hagsbóta fyrir sig og sín fósturbörn.

Málið verður rætt á eftir og ákveðið hvort, og þá hvar, næsta útilega verður.

HEIMASÍÐA

Stöðugt er verið að betrumbæta heimasíðuna fostur.is

Steinunn tók að sér hlutverk vefstjóra og má segja að heilmikil andlitslyfting hafi orðið á síðunni. Bæði er hún mun líflegri og og skilvirkari og færum við Steinunni okkar bestu þakkið fyrir.

AÐSTOÐ OG RÁÐGJÖF

Á þessu ári hefur erindum og fyrirspurnum frá félagsmönnum til okkar í stjórninni stórauðist bæði, með símhringingum og tölvupósti. Það er vel og fögnum við því ef við getum á einhvern hátt liðsinnt félagsmönnum á þennan hátt. Þarna eru á ferðinni alls kyns málefni sem brenna á fósturforeldrum. Oft eru þetta praktísk mál; svo sem skattamál, greiðslur, samningsgerð og margt fleira í þeim dúr, en einnig eru nokkur mál sem tengjast erfiðum samskiptum við félagsráðgjafa og barnaverndaryfirvöld. Oftar en ekki byggir þetta á ólíkum sjónarmiðum þeirra sem eru að vinna með börnin og kannski ólíku hlutverki, og ef til vill viðhorfum starfsmanna til fósturforeldra. Það má eflaust gera betur í þessum efnum og verður ekki gert nema með einhvers konar viðhorfsbreytingum einstakra starfsmanna á hlutverki okkar. Barnaverndarstofa hefur á Foster Pride reynt að fá félagsráðgjafa til að taka þátt í námskeiðunum og hefur það verið mis vel sótt. Það er hins vegar mjög góður vetvangur til þess að auka á gagnkvæman skilning á hlutverkunum. Við höfum hvatt til þess að gengið verði ákveðnar að barnaverndarnefndunum að senda fulltrúa frá sér á hvert námskeið. Það skiptir mjög miklu máli fyrir börnin að þessi samvinna sé sem allra best, því öll viljum við hlúa sem best að þessum börnum og það er að sjálfsgöðu okkar sameiginlega markmið.

KAFFIHÚSAKVÖLDIN

Kaffihúsafundirnir hafa verið á sínum stað í Perlunni eins og undanfarin ár.

Það er nauðsynlegur vettvangur og hefur sannað gildi sitt. Þar hittumst við fósturforeldrar og berum saman bækur okkar og oftar en ekki getur verið gott að leita ráða hjá öðrum og gefa ráð ef svo ber undir.

Ástæðan fyrir vali okkar á Perlunni var á sínum tíma auðvelt aðgengi en einhverjum kann að finnast að þetta sé ekki nægjanlega privat. Það horfir þó vonandi til betri vegar þar sem Íslensk ættleiðing hefur sýnt okkur þann einstaka velvilja að bjóða okkur að nota aðstöðu sína að Skipholti 50b til fundahalda, og kannski opnast möguleiki á að færa kaffihúsafundina þangað, þó sú aðstaða hafi

einnig sína annmarka. Við höldum þó síðasta stjórnarfund þar, en á undanförunum árum höfum við verið að halda þessa fundi á heimilum okkar með þeim óþægindum sem því óhjákvæmilega fylgdu.

Við erum afskaplega þakklát Íslenskri ættleiðingu fyrir velvilja sinn og horfum við til þeirra í mörgum málum þar sem þeir hafa lyft grettistaki í ættleiðingarmálum og vonandi getum við lært af þeim hvernig best er að beita sér til að ná fram árangri með áherslumál okkar.

LOKAORÐ

Ég er bjartsýnn um að á komandi árum ættum við að get haft meira vægi í mótun barnaverndarmála. Það hefur sýnt sig að fóstur, sem úrræði í barnaverndarmálum, er gott úrræði og skilar árangri. Því er von mín að rödd okkar fósturoeldra mætti hljóma hærra, okkur og skjólstæðingum okkar til hagsbóta.

Fh. stjórnar

Guðbergur Birkisson, formaður